

**73. fundur Velferðar- og mannréttindaráðs, haldinn í fundarherbergi 3. hæð,  
Stillholti 16-18,  
10. janúar 2018 og hófst hann kl. 16:00**

**Fundinn sátu:**

Vilborg Þ. Guðbjartsdóttir formaður, Einar Brandsson varaformaður, Anna Þóra Þorgilsdóttir aðalmaður, Gunnhildur Björnsdóttir áheyrnarfulltrúi, Svala Kristín Hreinsdóttir sviðsstjóri velferðar- og mannréttindasviðs og Sveinborg Kristjánsdóttir félagsmálastjóri.

**Fundargerð ritaði:** Svala Hreinsdóttir, sviðsstjóri velferðar- og mannréttindasviðs.

**Fyrir tekið:**

**1. 1801118 - Reglur um fjárhagsaðstoð Akraneskaupstaðar**

Grunnupphæð fjárhagsaðstoðar í reglum um fjárhagsaðstoð Akraneskaupstaðar hefur hækkað eins og gjaldskrár Akraneskaupstaðar síðustu ár.

*Velferðar- og mannréttindaráð leggur til að eftirfarandi breyting verði gerð á grein 11. í Reglum um fjárhagsaðstoð Akraneskaupstaðar:*

*11. grein*

*Grunnfjárhæð*

*Framfærsla barna ekki talin með*

*Fjárhagsaðstoð til einstaklinga 18 ára og eldri getur numið allt að kr. 160.000 á mánuði, hér eftir nefnd grunnupphæð. Fjárhagsaðstoð til hjóna og fólks í skráðri sambúð getur numið allt að kr. 256.000 á mánuði (kr.160.000 grunnupphæð \* 1,6). Mat á fjárhagsaðstoð er óháð því hvort barn eða börn búa á heimilinu.*

*Undantekning er þegar umsækjandi hefur skertar barnabætur í kjölfar skilnaðar/sambúðarslita og skal þá tekið tillit til skerðingarinnar við mat á þjónustupörf. Fjárhæðir verða endurskoðaðar af velferðar- og mannréttindaráði árlega í tengslum við gerð fjárhagsáætlunar.*

*Með þessum breytingum á grunnupphæð fjárhagsaðstoðar Akraneskaupstaðar hækki grunnupphæð fjárhagsaðstoðar um 7,37% 1. janúar 2018 í stað 2.2% sem lagt er til í fjárhagsáætlun. Hækkunin mun rúmast innan 02110 Fjárhagsaðstoðar fjárhagsáætlunar 2018.*

*Velferðar- og mannréttindaráð vísar samþykkt sinni á breytingum á 11. gr. reglna um fjárhagsaðstoð á Akranesi til staðfestingar í bæjarráði og bæjarstjórn.*

*Velferðar- og mannréttindaráð óskar eftir því að reglurnar verði endurskoðaðar í heild sinni með tilliti til breytinga á orðalagi og lagðar aftur fyrir ráðið mars 2018.*

**2. 1612050 - Reglur um sérstakan húsnæðisstuðning**

Reglur um sérstakan húsnæðisstuðning á Akranesi voru samþykktar í bæjarstjórn 10. janúar 2017. Tillaga að breytingum á reglunum nú snúa að orðalagi greina, bæta greinum við og hækka tekjuviðmið sem liggja til grundvallar ákvörðun húsnæðisbóta hverju sinni.

Tillögur um breytingar á reglunum eru í samræmi við leiðbeinandi reglur velferðarráðuneytisins fyrir sveitarfélög.

*Velferðar- og mannréttindaráð samþykkir breytingar á reglum um sérstakan*

*V/G*

*húsnæðisstuðning á Akranesi og vísar þeim til staðfestingar í bæjarráði og bæjarstjórn.*

**3. 1801079 - Bílaleigusamningur vegna búsetuþjónustu**

Samningur um langtímaleigu á bifreið í búsetuþjónustu fyrir fatlaða rennur út í janúar 2018. Verðkönnun hefur farið fram hjá þremur bílaleigufyrirtækjum innan rammasamnings ríkiskaupa. Verðkönnunin var gerð til að fá fram þau verð sem aðilum að rammasamningum standa til boða skv. rammasamningum.

*Velferðar- og mannréttindaráð samþykkir að gengið verði til samninga við bílaleigu fyrirtækið Bílaleiga Flugleiða Hertz og vísar samningi til staðfestingar í bæjarráði. Upphæð samnings rúmast innan fjárhagsáætlunar 2018.*

**4. 1702057 - Frumvörp og þingsályktunartillögur til umsagnar 2017**

Velferðarnefnd Alþingis hefur sent eftirfarandi mál til umsagnar:

26. mál til umsagnar - frumvarp til laga um þjónustu við fatlað fólk með miklar stuðningsþarfir.

27. mál til umsagnar - frumvarp til laga um félagsþjónustu sveitarfélaga (samningur Sp um réttindi fatlaðs fólks, stjórnsýsla og húsnæðismál).

*Lagt fram til kynningar.*

**Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 17:00.**

*Vilborg Þ. Guðbjartsd.*  
*Guðmundur*  
*Einar Þ. Bránn*  
*Anna Þórhildur Þórhildsdóttir*  
*Sveinbjörg Kristjánsd.*